

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 6. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga sem nær til lóðarinnar við Völuskarð 18.

Í breytingunni felst að byggingarreit er breytt og hæð húss verður nú ein hæð í stað einnar til tveggja hæða. Hæð hússins lækkar til samræmis. Nýtingarhlutfall á lóð minnkar. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 6. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, sem nær til lóðarinnar við Tinnuskarð 5.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og hann speglaður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 18. janúar 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar,

Gunnþóra Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2021